

144 hafa lýst yfir því, að presturinn sje betur settur fyrir prestakallið í Hvammi en á 10. okt. Akureyrarkaupstað, — vil jeg hjer með samþykkja, að presturinn í Akureyrarprestakalli setjist fyrst um sinn að í Hvammi.

145 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um 11. okt. landsskuld af Þjóðjörð. — Eptir að jeg með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 19. f. m., hefi meðtekið skýringar þær, er jeg beiddist í brjefi mínu frá 3. nóvbr. f. á. og álit hlutaðeigandi hreppsnefndar, sýslunefndar og amtsráðs, svo og ummæli umboðsmannsins áhrærandi lækun á landsskuld jarðarinnar Djúpárbakka, sem þjer, herra amtmaður, í brjefi frá 28. júlí f. á. höfðuð lagt til, að veitt yrði sökum skemmda þeirra, er orðið hefðu af landbroti Hörgár á tjeðri jörð, — vil jeg hjer með samkvæmt tillögum amtsráðsins samþykkja, að landsskuldin af Þjóðjörðinni Djúpárbakka, færist niður um 20 álnir á ári, frá fardögum 1881 að telja, fyrir ábúðartíð hins núveranda ábúanda, með þeim skildaga, að hann sje skyldur til að kaupa sjer svo heyskap, að nemi niðurferslunni, og að jörðin njóti þess áburðarauka.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, og ber þar að auki að leggja fyrir umboðsmann Möðruvallaklausturs að hafa eptirlit með, að tjeðum skilyrðum verði fullnøgt.

146 — Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um 12. okt. framferslusveit barns, er hafði verið komið í fóstur. — Í þóknanlegu brjefi frá 28. júlí þ. á. sögðuð þjer, herra amtmaður, mjer álit yðar um áfrýjun sýslumannsins í Norðurmúlasýslu á úrskurði amtsins frá 7. apríl þ. á., er skyldar Jökuldals- og Hlíðarhrepp til að greiða Guðmundi bónda Jónssyni í Vík í Flateyjardal, Hálshreppi áfallið og áfallandi ársmeðlag með barninu Stefáni Pálssyni frá 28. maí 1877 og til þess tíma, að það verður flutt til nefnds hrepps.

Barni þessu var sumarið 1874, eins árs gömlu, komið í ársfóstur til nefnds Guðmundar Bjarnasonar af föður barnsins. Samsumars fór faðirinn til Vesturheims, og þegar þar eptir var hætt að borga með barninu, skrifaði Guðmundur 28. maí 1877 framferslusveit föðursins, sem er Jökuldals- og Hlíðarhreppur, fór þess á leit, að hún borgaði hið áfallna meðlag, heldur en að barnið yrði flutt fátækraflutningi, og bauðst til að veita því framferslu fyrir fullt meðlag eptirleidis. Þegar Guðmundur ekki fjekk neitt fullnægjandi svar frá hreppsnefndinni, sneri hann sjer að sýslumanninum í Þingeyjasýslu, sem eptir árangurslausar brjefaskriptir við sýslumanninn í Norðurmúlasýslu leitaði amtsúrskurðar þess, sem nú er áfrýjað.

Það er nú fyrst ljóst, að Jökuldals- og Hlíðarhreppur getur ekki, úr því að hann játar sig vera framferslusveit föður barns þess, er hjer er um að ræða, komið hjá að annast barnið samkvæmt 6. grein fátækraflugjörðar 8. janúar 1834, þangað til að það er 16 ára. Sjer í lagi getur ekki verið umtalsmál, að Guðmundur bóndi hafi með því að taka barnið í fóstur um eitt ár af föður þess, bakað sjer og framfersluhrepp sínum skyldu til að framfæra barnið, eins og hann sjálfur væri rjetur faðir þess. Meira vafasamt kynni það að þykja, hvort ekki ætti að vísa máli þessu til dómstólanna. Að vísu hefði það verið fornlegra, ef Guðmundur hefði, þegar ár það var úti, er hann hafði skuldbundið sig til að fóstta barnið, leitað meðlags með því frá hreppsnefndinni í

þeim hrepp, þar sem hann sjálfur og barnið átti heima, og lofað henni að eiga við Jökuldals- og Hlíðarhrepp. En þessi aðferð hefði í máli því, er hjer liggur fyrir, enga verulega þýðingu getað haft, og Jökuldals- og Hlíðarhreppur hefir auðsjáanlega engan skaða haft af því, að Guðmundur snjeri sjer að honum beinlínis, í stað þess fyrst að snúa sjer að dvalarhreppi barnsins, og hefir ekki komið til tals að greiða honum meðlag fyrir lengri tíma, en frá dagsetingu brjefs hans til hreppsnefndarinnar. Með því nú að nefndin eptir að hafa meðtekið þetta brjef, ekki gjörði neina ráðstöfun til, að barnið yrði flutt til sín, virðist hún þegjandi að hafa samþykkt boð Guðmundar um að fóstta barnið fyrir hreppsnefndina, og getur hún því heldur ekki komizt hjá að greiða meðlagið með því.

Hinn áfrýjaði amtsúrskurður skal því óraskaður standa, þó þannig, að Jökuldals- og Hlíðarhreppi sje frjálst, að beiðast úrskurðar Hálsahrepps í Þingeyjarsýslu eða æðra sveitarvalds um upphæð meðlagsins.

— Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um nýtt kúgildi á Þjóðjörð. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 7. f. m. samþykkist hjer með, að kúgildi það, sem vantar á umboðsjörð Munkapverárklosturs, Ormalón í Svalbarðshrepp, sje útvegað upp á kostnað umboðs- sjóðsins fyrir það verð, sem almennt verður á ám í byggðarlaginu þar á næstkomandi vori, og að kúgildaleiga sú, sem tiltekin er í byggingarbrjefinu frá 30. apríl í ár, ekki verði heimtuð af jörðinni yfirstandandi fardagaár.

— Brjef landshöfðingja til forstjóra hins konunglega íslenszka yfirdóms safn 1879. — Þar eð jeg sje mjer fært að verja allt að 100 kr. af fje því, sem veitt er til vísindalegra og verklegra fyrirtækja fyrir árið 1881, til að gefa út dómasafn fyrir árið 1879, vil jeg hjer með skora á yður, herra jústítíarius, að ráðstafa því, sem nauðsynlegt er í þessu efni, og læt jeg fylgja brjef dags. 1. þ. m. frá Einari prentara Þórðarsyni, þar sem hann býðst til að prenta tjeð safn fyrir 11 kr. hverja örk prentaða.

— Brjef landshöfðingja til stíptsyfirvaldanna um styrk handa barnaskóla á Akra- nesí. — Samkvæmt tillögum stíptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi frá 5. þ. m. hefi jeg af fje því, sem með 12. gr. C 7 fjárlaganna er lagt til barnaskóla og alþýðuskóla, veitt barnaskólanum á Skipaskaga á Akranesi 300 kr. styrk fyrir yfirstandandi ár.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð stíptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum.

— Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um þingsályktun út af boðsskrá til að dæma Elliðaáamál. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. sept. þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent ráðgjafanum þingsályktun, samþykktta af neðri deild alþingis, og er í henni skorað á ráðgjafann, að fresta umboði því, er Jóni ritara Jóns- syni var veitt hinn 1. júlí þ. á. til þess ítarlegar að rannsaka og dæma ofbeldisverk þau, er framin hafa verið gegn laxakistum H. Th. A. Thomsens kaupmanns í Elliðaán- um, þar til fullnaðardómur er genginn um veiðirjett þjóðjarðarinnar Hólms og kirkju-